



## 70. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn miðvikudaginn 5. febrúar 2025 á Teams og hófst fundurinn kl. 13:00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Mirjam Blekkenhorst, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Markaðsstofa Norðurlands

Arnheiður Jóhannsdóttir mætti til fundarins undir þessum lið og fór yfir það helsta sem framundan er í starfi Markaðsstofu Norðurlands og ferðapjónustu á Norðurlandi eystra. Jafnframt var rætt um fyrirhugaða gjaldtöku á ferðamannastöðum.

*Stjórn þakkar Arnheiði fyrir kynninguna og felur framkvæmdastjóra að skipuleggja föstudagsfund með Markaðsstofu Norðurlands.*

### 2. Áhersluverkefni Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025

Lagðar fram tillögur að þremur nýjum áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2025. Áður höfðu verið samþykkt fjögur áhersluverkefni; Fiðringur, Upptaktur, Loftum II og Eimur. Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins undir þessum lið.

*Stjórn þakkar Elvu fyrir kynninguna og leggur til að eftirfarandi verkefni fái áframhaldandi stuðning:*

*Veltek – 4.000.000 kr.*

*Fundi frestað kl. 14:40 vegna óviðráðanlegra aðstæðna.*

*Fundi framhaldið föstudaginn 14. febrúar 2025 kl. 13:00.*

### 3. Fundaáætlun stjórnar SSNE 2025

Lögð fram tillaga um fundi stjórnar og þing SSNE á árinu 2025. Einnig var rætt um staðsetningu ársþings SSNE 2025 og hugmyndir að áherslum á þinginu. *Stjórn samþykkir tillögu um fundi stjórnar og þing SSNE á árinu 2025 með áorðnum breytingum á fundinum. Stjórn samþykkir að ársþing SSNE verði haldið í Svalbarðsstrandarhreppi 2.-3. apríl n.k. og að haustþing SSNE verði haldið rafrænt þann 31. október 2025.*



#### **4. Starfsáætlun SSNE 2025**

Lögð fram tillaga að uppfærðri starfsáætlun SSNE 2025.

*Stjórn samþykkir framlagða tillögu.*

#### **5. Breytingar á samþykktum SSNE**

Farið yfir tillögur að breytingum á samþykktum SSNE. Jafnframt er verið að leggja lokahönd á tillögur til umræðu í tengslum við aukið samráð samhliða niðurlagningu fagráða.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna tillögurnar áfram og leggja fram á ný á næsta stjórnarfund.*

*Axel Grettisson vék af fundi kl. 14:00.*

#### **6. Fundargerð aukabings**

Fundargerð aukabings SSNE sem haldið var 7. janúar lögð fram til samþykktar.

*Stjórn samþykkir fundargerðina og felur framkvæmdastjóra að senda hana til kynningar á sveitarstjórnir innan SSNE.*

#### **7. Samningur vegna reksturs Markaðsstofu Norðurlands**

Lögð fram til samþykktar drög að samningi SSNE og Markaðsstofu Norðurlands um rekstur áfangastaðastofu. Samningurinn er í samræmi við samning við Ferðamálastofu sem undirritaður var 18. desember s.l. og er til þriggja ára.

*Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann fyrir hönd SSNE.*

#### **8. Samningar um tilraunaverkefnið Raufarhöfn og framtíðin II og Öxarfjörður í sókn II**

Lögð fram drög að samningum milli SSNE, Byggðastofnunar og Norðurlands um tilraunaverkefnið Raufarhöfn og framtíðin II annars vegar og Öxarfjörður í sókn II hins vegar. Framlag SSNE felst í vinnuframlagi verkefnastjóra og skipan fulltrúa í verkefnisstjórn.

*Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að undirrita samningana fyrir hönd SSNE.*

#### **9. Mál til kynningar**

- a. Fundargerð 66. stjórnarfundar Vestfjarðastofu



## 10. Mál til umsagnar

### a. **Samráð um breytingar á skilyrðum tíðniheimilda**

Stjórn staðfestir umsögn sem áður var send í tölvupósti:

#### **Ríkið standi við loforð um uppbyggingu farsímanets**

Greinargerð Fjarskiptastofu upplýsir um framgang og stöðu fyrir uppbyggingu farnets á stofnvegum landsins. Nánar tiltekið breytingar á skilmálum háhraðanets á stofnvegum á grunni úthlutunar tíðnisviða á árinu 2023. Sett var kvöð á fjarskiptafyrirtækin að koma að uppbyggingu háhraðanetskerfi samstarfi við Öryggisfjarskipti ehf., á þeim stofnvegum þar sem markaðsbrestur er fyrir hendi.

#### **Ríkið standi við gefin loforð**

Greinargerðin upplýsir að Öryggisfjarskipti ehf. muni vegna fjárskorts á árinu 2025 ekki geta staðið við sinn hluta samstarfsins. Tillaga Fjarskiptastofu er að seinka tilgreindum frestum á kvöð fjarskiptafyrirtækja um uppbyggingu kerfisins um eitt ár eða til ársloka 2027. Stjórn SSNE tekur undir með öðrum landshlutasamtökum og harmar þessa stöðu sem hér er kominn upp og skora á stjórnvöld að bregðast nú þegar við og veita Öryggisfjarskiptum ehf. fjármagn á árinu 2025 til að verkefnið haldi áætlun. Tryggja verður að farnet þjóni vegfarendum um land allt jafnt íbúum sem ferðamönnum og setja verður sérstaklega í forgang þá vegkafla þar sem ekkert farnetssamband er til staðar í dag. Sömuleiðis þarf að tryggja að samskiptakerfi viðbragðaðila verði byggt upp samhliða.

#### **Landshlutasamtök hafi sæti við borðið**

Sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra hafa ekki haft beina aðild að framgangi þessa verkefnis. Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er kominn upp er það krafa sveitarfélaga að þau verði kölluð til samstarfs. Því er gert að tillögu að sveitarfélög eða landshlutasamtök verði tilgreind í 2. tölulið um Tíðniheimild Öryggisfjarskipta í 9. kafla greinargerðar um „Samandregin áform FST um breytingar á skilyrðum tíðniheimilda“.

- b. **Mál nr. S-23/2025 á Samráðsgátt stjórnvalda: Breyting á sveitarstjórnarlögum – mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög**  
Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda inn eftirfarandi bókun fyrir hönd SSNE:

*Stjórn SSNE fagnar fyrirhuguðum breytingum á sveitarstjórnarlögum en sveitarfélögin hafa lengi bent á mikilvægi þess að við lagasetningu sé skýrt ferli varðandi kostnaðarmat, þ.e. mat á hugsanlegum áhrifum frumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins á fjárhag sveitarfélaga.*

*Það hefur of oft komið fyrir að slíkt kostnaðarmat er ekki framkvæmt og ekki síður hvernig eigi að leysa úr ágreiningi þegar hann kemur upp. Það er jafnréttismál að kostnaður sveitarstjórnarstigsins í landinu sé metinn á sama hátt og ríkisins við lagasetningu og aðrar stjórnvaldsákvarðanir, og leggur stjórn SSNE áherslu á að í þessum breytingum verði horft til þess að jafna þessa stöðu milli stjórnsýslustiganna.*

## 11. Önnur mál

- a. **Bókun stjórnar vegna Reykjavíkurlugvallar**

Formaður stjórnar lagði til að stjórn myndi bóka vegna stöðu lokunar flugbrauta á Reykjavíkurlugvelli. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun vegna málsins:

*Stjórn SSNE tekur undir ályktanir sveitarstjórna á Norðurlandi eystra sem og yfirlýsingu Miðstöðvar sjúkraflugs á Íslandi þar sem lýst er yfir miklum áhyggjum vegna lokunar flugbrauta á Reykjavíkurlugvelli. Þessi lokun mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir sjúklinga sem þurfa á bráðri lækniþjónustu að halda og er það óásættanlegt að lífslíkur og batahorfur sjúklinga séu í hættu vegna þessara takmarkana.*

*Stjórn SSNE krefst tafarlausra aðgerða til að tryggja aðgengi sjúkraflugvéla að Reykjavíkurlugvelli, þar sem þetta er lífsnauðsynlegt fyrir veika og slasaða af stærstum hluta landsins. Það er skýr krafa að Reykjavíkurborg, Innviðaráðuneyti, ISAVIA og Samgöngustofa axli ábyrgð og tryggi opnun og rekstraröryggi flugbrauta 13 og 31 án tafar.*

- b. **Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði úr rekstri félagsins frá síðasta stjórnarfundum.